

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags: 7. nóvember 2017
Mnr: 2017100078



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað fyrir bæjarráð - þriðji ársfjórðungur 2017

Niðurstaða þriðja ársfjórðungs hefur nú verið send Hagstofu Íslands og sýnir hún rekstrarafkomu upp á kr. 197.302.270,- fyrstu 9 mánuði ársins. Afkoman fyrstu 9 mánuði ársins er því kr. 48.506.934,- hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

REKSTRARREIKNINGUR	9 mánuðir þriðji ársfjórðungur	9 mánuðir Áætlun 2017_MV	mism. %	mism. Kr	12 mánuðir Áætlun 2017_MV	%	Ársreikningur 2016	%	Ársreikningur 2015
Rekstrartekjur									
- Útvar	-1.374.179.841	-1.443.755.414	-4,8%	69.575.573	-1.940.657.049	10,0%	-1.763.998.944	8,3%	-1.628.789.069
- Framlög jöfnunarsjóður	-618.758.469	-595.703.861	3,9%	-23.054.608	-721.120.051	-18,3%	-882.912.328	21,2%	-728.434.735
- Fasteignaskattar	-335.052.629	-335.794.366	-0,2%	741.737	-335.794.366	10,1%	-305.079.037	4,5%	-292.002.367
- Sölu tekjur	-88.584.074	-98.215.622	-9,8%	9.631.548	-127.399.756	5,4%	-120.887.006	9,3%	-110.593.328
- Þjónustutekjur	-489.301.714	-545.597.980	-10,3%	56.296.266	-623.897.641	11,9%	-557.466.954	5,3%	-529.519.540
- Leyfisgjöld	-17.591.721	-13.928.915	26,3%	-3.662.806	-3.954.648	-77,8%	-17.797.318	48,2%	-12.005.862
- Aðrar tekjur	-571.113.880	-545.695.310	4,7%	-25.418.570	-804.288.899	2,9%	-781.509.497	16,6%	-670.093.326
- Millifærslutekjur	-860.402.373	-880.481.016	-2,3%	20.078.643	-1.130.976.835	-12,3%	-1.290.313.666	4,7%	-1.232.065.064
Rekstrartekjur alls	-4.354.984.701	-4.459.172.484	-2,3%	104.187.783	-5.688.089.245	-0,6%	-5.719.964.750	9,9%	-5.203.503.291
Rekstrargjöld									
- Laun og launatengd gjöld	1.641.282.162	1.692.551.834	-3,0%	-51.269.672	2.285.861.989	9,3%	2.091.824.552	7,2%	1.950.508.899
- Breyting lífeyrisskuldbindingar	138.461.501	118.106.774	17,2%	20.354.727	157.119.607	-25,7%	211.340.522	-1,7%	214.969.664
- Vörukaup	90.294.635	108.722.016	-16,9%	-18.427.381	139.258.412	20,8%	115.240.914	-0,6%	115.957.019
- Þjónustukaup	318.704.865	351.849.455	-9,4%	-33.144.590	452.001.264	2,2%	442.479.776	14,6%	386.078.659
- Orkukostnaður	96.035.409	113.410.247	-15,3%	-17.374.838	138.783.739	8,9%	127.411.799	0,3%	126.981.003
- Viðhaldskostnaður	244.970.693	219.091.577	11,8%	25.879.116	266.975.689	12,6%	237.100.300	26,4%	187.531.805
- Upplýsingakerfi	34.832.573	26.366.721	32,1%	8.465.852	37.852.427	-5,1%	39.875.827	4,1%	38.313.272
- Önnur rekstrargjöld	184.736.053	180.478.941	2,4%	4.257.112	236.398.085	11,0%	212.943.746	-14,4%	248.899.201
- Styrkir og annað	151.721.925	186.377.513	-18,6%	-34.655.588	235.127.083	-3,7%	244.136.293	6,6%	229.003.386
- Skattar og gjöld	76.061.898	74.785.585	1,7%	1.276.313	79.241.249	5,9%	74.824.046	17,3%	63.794.979
- Afskriftir	166.484.441	163.975.274	1,5%	2.509.167	213.551.256	0,9%	211.735.371	27,4%	166.229.001
- Millifærslugjöld	865.922.357	892.452.289	-3,0%	-26.529.932	1.185.320.431	-8,5%	1.296.111.670	4,3%	1.242.593.499
Rekstrargjöld alls	4.009.508.512	4.128.168.226	-2,9%	-118.659.714	5.427.491.231	2,3%	5.305.024.816	6,7%	4.970.860.387
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	-345.476.189	-331.004.258	4,4%	-14.471.931	-260.598.014	-37,2%	-414.939.934	78,4%	-232.642.904
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	148.173.919	182.208.922	-18,7%	-34.035.003	225.244.480	18,7%	189.728.937	-4,3%	198.337.746
Rekstrarniðurstaða	-197.302.270	-148.795.336	32,6%	-48.506.934	-35.353.534	-84,3%	-225.210.997	556,5%	-34.305.158

Rekstrartekjur eru 104 milljónum króna hærri en gert var ráð fyrir í áætlun og rekstrargjöld 114 milljónum lægri og fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 34 milljónum lægri en áætlað var.

Rekstrartekjur

- Útsvarið er um 70 milljónum króna lægra en áætlun gerði ráð fyrir og má ætla að verkfall sjómanna hafi þar mestu áhrifin, þar sem útsvar fyrstu fjóra mánuðina var töluvert lægra en áætlun, en seinni fimm mánuðina var útsvar um 9 milljónum yfir áætlun hvers mánaðar. Ekki er útlit fyrir að útsvarið muni aftur lækka milli mánaða.
- Framlag jöfnunarsjóðs er 23 milljónum króna herra en áætlun gerði ráð fyrir. Hluti af því sem bókað var í september er vegna október, því er bókunin svolítið villandi. Uppfærð áætlun Jöfnunarsjóðs í október 2017 sýnir að greiðslur muni verða 20 milljónum hærri en gert er ráð fyrir í áætlun.

- c) **Þjónustutekjur eru 56 milljónum króna lægri en áætlun**, en þar munar mest um 42 milljónir í hafnargjöldum sem má rekja til sjómannaverkfallsins. Einnig eru tekjur á höfn án vsk til erlendra aðila og seld þjónusta með vsk samtals um 10 milljónum króna undir áætlun.
- d) **Aðrar tekjur eru 25 milljónum hærri en áætlun**, en þar má helst nefna aðra þjónustu fatlaðra sem er tæpum 25 milljónum yfir áætlun. Tekjur vegna móttöku flóttamanna er um 6 millj. eiga eftir að berast frá ríkissjóði.
- e) **Sölutekjur eru 9,6 milljónum krónum lægri** en gert var ráð fyrir. Af því eru áætlaðar tekjur vegna malarnáunnar Kirkjubóli 4,3 milljónir króna, sem á eftir að innheimta svo og selt vatn sem er 3,4 milljónir króna lægra en var áætlað.
- f) **Leyfisgjöld eru 3,7 milljónum króna hærri en áætlun**, tekjur vegna Heilbrigðiseftirlitsins á eftir að rukka, um 6 milljónir króna. Tekjufærð gatnagerðargjöld upp á 9,6 milljónir króna vegna Mávagarðs skekkja einnig myndina, en þær á eftir að eignfæra til lækkunar á gatnagerðaframkvæmdinni.

Rekstrargjöld

- a) **Laun og launatengd gjöld** eru 51,3 milljónum króna undir áætlun, þar af er fjölskyldusvið 14 milljónum undiráætlun, leikskólar um 5 milljónum og æskulýðs- og íþróttamál 17,5 milljónum undir áætlun. Ónotað stöðugildi er við áhaldahúsið og áætlun þar 10 milljónum króna undir áætlun. Grunnskólar eru þó yfir áætlun sem nemur samtals 4,4 milljónum.
- b) **Breyting lífeyrisskuldbindingarnar eru rangt bókaðar**, samkvæmt bókun eru þær 20 milljón krónum yfir áætlun, en eiga að vera samtals 40 milljónum krónum undir áætlun fyrir árið í heild.
- c) **Vörukaup og þjónustukaup eru undir áætlun**, samtals um 51 milljón króna, gert er ráð fyrir að kaupin jafnist út yfir árið.
- d) **Orkukostnaður er ofáætlaður um 17 milljónir króna.**
- e) **Viðhaldskostnaður er 26 milljón krónum hærri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun**, en ekki verður farið í frekari viðhald á árinu nema um sé að ræða neyðartilvik.
- f) **Upplýsingakerfin eru 8,5 milljónum yfir áætlun** vegna meiri kostnaðar við uppfærslu Navision og innleiðingu annarra kerfa, svo sem kassakerfi.
- g) **Styrkir eru undir áætlun, um 35 milljónir króna**, en gert er ráð fyrir að mest af þessu leiðréttest á árinu.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

- a) Vextir af langtímaskuldum eru lægri vegna rangrar lotunar, þetta ætti að leiðréttest fram að áramótum.
- b) Verðbætur eru lægri vegna lægri verðbólgu en áætluð var fyrstu 9 mánuði ársins.